



# Strandabyggð, fyrr og nú

Greinargerð með verkefnasafni

Jóhanna Guðbjörg Rósmundsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Deild faggreinakennslu

Menntavísindasvið



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**



# **Strandabyggð, fyrr og nú**

## ***Greinargerð með verkefnasafni***

Jóhanna Guðbjörg Rósmundsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed prófs í grunnskólakennslu með áherslu á samfélagsgreinar

Leiðbeinandi: Eggert Lárusson

Deild faggreinakennslu  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Maí 2020

Strandabyggð, fyrr og nú

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs  
í grunnskólakennslu með áherslu á samfélagsgreinar við deild  
faggreinakennslu.

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Jóhanna Guðbjörg Rósmundsdóttir, 2020

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Ritgerð þessi og verkefnasafn er lokaverkefni til B.Ed.- prófs í kennslufræðum við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Verkefnasafnið inniheldur 17 verkefni sem ætluð eru nemendum á miðstigi við grunnskólann á Hólmavík. Markmiðið með þessu verkefnasafni er að hafa aðgengileg verkefni fyrir kennara við grunnskólann, þar sem áhersla er lögð á sögu og umhverfi heimabyggðarinnar. Verkefnin snúa öll á einn eða annan hátt um Strandabyggð.

Í greinargerðinni er fjallað um skilgreiningu aðalnámskrár grunnskóla á menntun, grunnþætti hennar og áherslur samfélagsfræðimenntunnar. Þar sem áhersla verkefnisins er á Strandabyggð má finna í greinargerðinni kafla um Strandabyggð, grunnskólann og skólastefnu sveitarfélagsins. Fjallað er um þrjá fræðimenn þá Robert Sternberg, Benjamin Bloom og John Dewey, þar sem hugmyndir þeirra um fjölbreytt verkefni sem reyna á ólíkar greindir veittu mér innblástur við gerð verkefnasafnsins.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip .....</b>	<b>3</b>
<b>Formáli .....</b>	<b>5</b>
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>6</b>
<b>2 Aðalnámskrá grunnskóla .....</b>	<b>7</b>
<b>3 Strandabyggð .....</b>	<b>9</b>
<b>4 Grunnskólinn á Hólmavík .....</b>	<b>10</b>
4.1 Skólastefna Strandabyggðar .....	10
<b>5 Heimabyggðin sem kennslustofa, um kenningar að baki verkefnasafninu .....</b>	<b>12</b>
<b>6 Lokaorð.....</b>	<b>15</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>16</b>

## Formáli

Hugmyndin að verkefninu kviknaði þegar ég var að klára fyrsta árið mitt í grunnskólakennslu með áherslu á samfélagsgreinar. Ekki það að ég var ekki beint farin að huga að umfjöllunarefni lokaverkefnisins heldur var ég að kenna á þessum tíma og eyddi þó nokkrum tíma í að skoða aðalnámskrá. Þar má finna nokkur hæfniviðmið sem tengja má við heimabyggðina og þótti mér því einstaklega spennandi að gera eitthvað með það. Hugmyndin þróaðist svo á lokaári B.Ed námsins en þá fór ég að huga að viðfangsefnum sem verkefnasafnsins. Saga og umhverfi heimabyggðarinnar hafa verið mér hugleikin um þó nokkurt skeið, því valdi ég að láta verkefnasafnið snúa á einn eða annan hátt um Strandabyggð. Þar má finna söguleg verkefni, verkefni sem snúa að örnefnum og kennileitum og ígrundun um það sem Strandabyggð hefur upp á að bjóða.

Þegar ég valdi mér leiðbeinanda skoðaði ég mig um á heimasíðu *Skemmannar* og leitaði eftir sambærilegum verkefnum og ég hafði í huga. Þar rakst ég á nokkur verkefni sem Eggert Lárusson hafði leiðbeint. Hann var tilbúin til að verða leiðsagnarkennarinn minn og þakka ég honum fyrir hugmyndir að verkefnum og leiðsögnina sem hann veitti mér.

Ég vil þakka Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Ströndum fyrir aðgang að gömlum myndum sem Tryggvi Samúelsson tók og ég nýtti í verkefnið mitt. Ég þakka fjölskyldunni minni fyrir þolinmæðina og stuðninginn sem þau sýndu mér bæði við vinnu lokaverkefnisins sem og í gegnum B.Ed. námið mitt. Einnig vil ég þakka systur minn, Þórdísi Rósmundsdóttir fyrir ómetanlega aðstoð og yfirlestur lokaverkefnisins.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér Siðareglur Háskóla Íslands (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Hólmavík, 18. maí 2020

Jóhanna Guðbjörg Rósmundsdóttir

## 1 Inngangur

Verkefnasafn þetta er lokaverkefni til B.Ed. prófs í grunnskólakennsku með áherslu á samfélagsgreinar við deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar verkefnasafn þar sem finna má fjölbreytt verkefni fyrir kennara á miðstigi við Grunnskólann á Hólmavík sem taka fyrir viðfangsefni sem tengjast heimabyggðinni. Hins vegar er greinargerð þar sem fjallað er um Strandabyggð, Grunnskólann á Hólmavík og fræðilegan bakgrunn verkefnisins.

Markmiðið með verkefnasafninu er að búa til heildstætt safn verkefna um Strandabyggð þar sem aðal áhersla er lögð á ígrundun um heimabyggðina, sögulega grenndarkennslu og staðhætti. Hugmyndin er sú að kynna 10-13 ára nemendur í Grunnskólanum á Hólmavík fyrir sögulegum atburðum og stöðum sveitafélagsins ásamt staðháttum og örnefnum. Einnig er leitast við að fá nemendur til að ígrunda það sem Strandabyggð hefur upp á að bjóða, bæði fyrir íbúa og ferðamenn. Verkefnasafnið ber að geyma 17 verkefni sem öll hafa það markmið að nemendur fái við fjölbreytt verkefni með raunverulegum viðfangsefnum úr nærumhverfinu. Í safninu má finna bæði verkefni sem unnin eru innan- og utandyra. Verkefnunum er skipt upp í sjö megin viðfangsefni en undir hverju viðfangsefni eru oftast fleiri en eitt verkefni.

Greinargerð þessi fylgir verkefnasafninu og inniheldur það sem liggur að baki þeim verkefnum sem þar má finna. Verkefnin eru unnin með markmið aðalnámskrá grunnskóla til hliðsjónar. Sérstaklega er fjallað um markmið aðalnámskrár um fjölbreytni náms og grunnstoðir námskráarinnar sem og um samfélagsgreinar og hvernig markmið þeirra birtast í námskránni. Þeir fræðimenn sem höfðu hvað mest áhrif á gerð verkefnasafnsins eru John Dewey, Robert Sternberg og Benjamin Bloom. Þar ber helst að nefna mannlega hæfileika sem hafðir eru að leiðarljósi í verkefnunum ásamt þeim greindum og sviðum sem leggja skal áherslu á. Ennfremur leggja verkefnin megin áherslu á raunveruleg viðfangsefni og eru þau því unnin í og með eigin náttúru og umhverfi.

Grenndarkennsla býður upp á ýmiss konar lærdóm sem erfitt getur verið að finna í námsbókum. Með þessu verkefnasafni er leitast við að efla hana og auka þekkingu nemenda á heimabyggðinni og því umhverfi sem þeir búa í. Því mikilvægt er að nemendur kynnist eigin heimabyggð og því sem hún hefur upp á að bjóða.



## 2 Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá byggir á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008), hún er handbók um heildarsýn menntunar og fer dýpra í menntastefnuna sem fest er í lög (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, bls 11). Menntun á sér ekki eingöngu stað innan veggja skólana, heldur getur nærumhverfið verið hin fullkomna skólastofa án veggja og fyrirfram ákveðins rýmis.

Menntun er skilgreind út frá þörfum einstaklinga og samfélagsins en samkvæmt lögum er markmið grunnskóla tvíþætt. Það er að bjóða upp á almenna menntun sem hefur alhliða þroska allra nemenda að leiðarljósi, lýðræðisleg starf innan skólans, ásamt því að undirbúa nemendur fyrir atvinnulífið og frekara nám (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, bls 34). Menntun hverju sinni vinnur að því að gera einstaklinga sem hæfasta til að takast á við daglegt líf. Það er gert með því að efla skilning hvers og eins á eiginleikum sínum og hæfileikum til að takast á við þau hlutverk sem fylgja því samfélagi sem við búum í. Til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp er því mikilvægt að hafa nám fjölbreytt. Fjölbreyttin skal byggja á meginsviðum menningar, umhverfis og samfélags okkar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, bls. 15).

Sú menntastefna sem finna má í aðalnámskrá grunnskóla byggir á stoðum sex grunnþátta. Grunnþættirnir eru læsi, heilbrigði og velferð, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, sköpun og jafnrétti (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, bls. 16). Grunnþættirnir skulu vera sýnilegir í öllu skólastarfinu, hvor sem við á í kennslustundum, samskiptum eða í skólabrag (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, bls. 17).

Samfélagsgreinar eru sérnámsgrein innan aðalnámskrár. Undir samfélagsgreinar falla námsgreinar og efnisþættir á borð við sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, bls. 194). Eins og sjá má er af miklu og fjölbreyttu efni að taka í kennslu samfélagsgreina en þær eiga sér grundvöll í skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi á borð við jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, bls. 195). Markmið samfélagsgreina hefur einnig það hlutverk að auka skilning nemenda á grundvallarviðhorfum umhverfis, auðlinda, menningar og sögu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, bls. 195).

Hæfniviðmið samfélagsgreina skipast í þrjá heima. Reynsluheim sem hefur það markmið að auka skilning nemenda á umhverfi, sögu, menningu og samfélögum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, bls. 195). Félagshim sem leitast við að virkja nemendur til þátttöku í samfélaginu og leiðbeina þeim með þau gildi og reglur sem þar ríkja (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, bls. 195). Hugarheimur sem vinnur á þá hæfni nemenda að efla sjálfsmynd svo þeir átti sig á sér sjálfum og öðrum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, bls. 197).

### 3 Strandabyggð

Strandabyggð er sveitarfélag á Ströndum sem staðsett er á norðanverðum Vestfjörðum. Árið 2006 sameinuðust Hólmavíkurbætur og Broddaneshreppur og úr varð Strandabyggð (Strandabyggð, e.d.). Strandabyggð nær frá Stikuhálsi í Bitrufirði, að Selá á Selströnd í Steingrímsfirði og að Kaldalóni í Ísafjarðardjúpi (Strandabyggð, e.d.). Íbúafjöldi í Strandabyggð 1. Janúar 2020 var 457 (Samband Íslenskra sveitafélaga, e.d.). Stærsti kaupstaður í Strandabyggð er Hólmavík.

Saga Hólmavíkur er ekki löng. Upphaf hennar má rekja til ársins 1878 með bæjarbyggingu manns að nafni Ásgeir Snæbjörnsson. Upphaf þorpsins miðast við byggingu Langaskúrs sem var bráðabirgðaverslun en hann var reistur var árið 1895 (Óli E. Björnsson, bls .11). Menn sáu fyrir sér að með fastri verslun hlyti að fylgja byggð. Fyrstu árin byggðist Hólmavík fyrst og fremst með fólki úr nærsveitum. Flestir embættismenn komu þó lengra að eins og læknar, prestar, skólastjóri, kennarar og fleiri (Óli E Björnsson, bls. 11).

Fyrst um sinn byggði fólk sér hús hvar helst sem þeim sýndist. Í kringum árið 1945 var þó farið að huga að skipulagi í bænum. Götur fengu nöfn og hús tölustafi árið 1967 og voru steyptar árið 1976 (Óli E. Björnsson, bls. 12). Elsta hús Hólmavíkur “sem enn stendur“ er Riis - húsið en það var byggt árið 1897 (Óli E. Björnsson, bls. 112).

## 4 Grunnskólinn á Hólmavík

Grunnskólinn á Hólmavík er lítill grunnskóli sem staðsettur er í miðju þorpinu og sækja hann nemendur úr Strandabyggð. Nemendafjöldi undanfarin ár hefur verið um og yfir 50 talsins.

Fyrsti barnaskólinn í Strandabyggð var byggður árið 1913 og var í notkun til ársins 1948. Í skólanum fór fram kennsla ásamt ýmsum öðrum samfélagslegum atburðum eins og skemmtunum, guðspjónustu og fleira (Óli E. Björnsson, bls. 146-147). Núverandi skólahúsnæði var byggt á árunum 1946-1948 og tekið í gagnið strax í kjölfarið (Óli E. Björnsson, bls. 190). Árið 1976 hófst bygging viðbyggingar við skólann sem lauk árið 1984 (Óli E. Björnsson, bls. 194).

Í húsnæði grunnskólans er að finna Héraðsbókasafn og barnabókasafn, tónlistarstofu, listastofu, smíðastofu, sérkennslustofur, rými fyrir kennara, kennslustofur og fleira. Bekkjum er samkennt við skólann en þó er misjafnt hvernig því fyrirkomulagi er háttað. Skólaárið 2019-2020 er til að mynda samkennt í 1.-3. bekk, 4.-6. bekk og 7.-10. bekk.

Í grunnskólanum hefur átt sér stað mikil vinna við innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla og hafa kennarar grunnskólans unnið saman að námsvísi fyrir allan skólann. Námsvísir er skjal þar sem finna má þemaverkefni sem unnin eru í grunnskólanum á þriggja ára fresti í öllum bekkjardeildum. Í námsvísinum er gerð grein fyrir þeim aðferðum sem skólinn hefur kosið að nota til að útfæra áherslur aðalnámskrár. Námsvísarnir bera að geyma grunnþætti, þemu, námsgreinar, kennsluáðferðir, viðfangsefni, námsmat og fleira. Þemaverkefnin eru fjölbreytt og eru viðfangsefnin sniðin að hverjum grunnþætti fyrir sig. Hvert þemaverkefni stendur yfir í um sex vikur. Hverju þemaverkefni fylgir svo nákvæm kennsluáætlun. Sama þema og sami námsvísir gildir fyrir allan skólann (Strandabyggð, október 2019).

### 4.1 Skólastefna Strandabyggðar

Skólastefna sveitarfélaganna er leiðarvísir um skólastarf þar sem dregnar eru fram þær áherslur sem hvert sveitarfélag hefur sett sér í skólamáli þar sem unnið er í samræmi við gildi og framtíðarsýn (Björk Ólafsdóttir, bls. 8). Stefnan segir til um hvernig fólk, framkvæmdir

og aðföng vinna saman að því að ná þeim markmiðum sem finna má í leiðarvísinum (Björk Ólafsdóttir, bls. 7).

Árið 2015 gaf Strandabyggð út skólastefnu sem beinist að öllum skólastigum sveitafélagsins. Stefnan tekur mið af þeim gildum sem ákveðið hefur verið að einkenna skuli skólastarfið. Sem og áherslum sem lög, reglugerðir og aðalnámskrá segja til um (Skólastefna Strandabyggðar, 2015). Helstu áherslur skólastefnunar eru:

- að efli hæfni og færni nemenda til að nýta hæfileika sína
- lýðheilsa
- umhverfisvitund og sjálfbær hugsun þar sem lögð er rækt við sérstöðu umhverfis, sögu og menningu sveitarfélagsins
- fjölbreytni í skólastarfi
- samstarf við nærsamfélagið
- samstarf milli skóla sveitafélagsins
- reglulegt mat á skólastarfinu með það að leiðarljósi að tryggja góða líðan nemenda
- gott starfsumhverfi
- öflug sérfræðiþjónusta sem þjónar fjölbreyttum þörfum skólasamfélagsins

(Skólastefna Strandabyggðar, 2015).

Eins og sjá má er áhersla lögð á að vinna með nemendum á fjölbreyttan hátt þar sem tryggja skal gott náms- og starfsumhverfi. Vinna skal með viðfangsefni sem snúa að nærsamfélagi og umhverfi sem ýta undir hæfileika og færni nemenda. Flestar af þessum áherslum er vel hægt að uppfylla með verkefnasafninu.

## 5 Heimabyggðin sem kennslustofa, um kenningar að baki verkefnasafninu

Þegar kemur að því að útbúa verkefni fyrir nemendur er mikilvægt að unnið sé með styrkleika nemenda til að kveikja áhuga þeirra. Verkefnin þurfa þar af leiðandi að vera með ólíku sniði og aðferðir fjölbreyttar. Raunveruleg viðfangsefni sem tengd eru við nærumhverfið eru þar mikilvægur hlekkur. Verkefnasafnið er byggt á kenningum bandaríska sálfræðingsins Robert Sternberg (f.1949), bandaríska sálfræðingsins Benjamin Bloom (1913-1999) og bandaríska heimspekingsins, sálfræðingsins og menntamannsins John Dewey (1859-1952). Hér fyrir neðan má finna umfjöllun um hvernig kenningar þessarar þriggja fræðimanna birtast í verkefnasafninu.

Í verkefnasafninu er að finna ýmis verkefni sem reyna á það sem Robert Sternberg kallar röklega greind í þrenndarkenningunni sinni, en samkvæmt henni má flokka almenna greind í þrennt. Rökleg greind reyndir á hæfileikann til að útskýra, gagnrýna, bera saman og greina (Ingvar Sigurgeirsson, bls.28) og reynir á hana til dæmis í verkefnum þar sem nemendur þurfa að ígrunda um heimabyggðina, skoða kosti hennar og galla, og þar sem nemendur bera gamlar myndir frá Hólmavík saman við nútímann. Slík verkefni tengjast ennfremur fyrsta sviði flokkunarkerfis Benjamin Blooms, svokölluðu þekkingarsviði sem reynir á hugsun og rökaleikni (Ingvar Sigurgeirsson, bls. 19). Það að þjálfar rök hugsun einfaldar til að mynda nemendum að mynda sér skoðun á efni og gefa rök fyrir henni.

Robert Sternberg er meðal annars þekktur fyrir þrenndarkenninguna sína en samkvæmt henni má flokka almenna greind í þrennt. Ein þeirra er rökleg greind þar sem reynir á hæfileikann að útskýra, gagnrýna, bera saman og greina (Ingvar Sigurgeirsson, bls. 28). Í ýmsum verkefnum í verkefnasafninu reynir á þessa greind sem einnig má tengja við fyrsta svið flokkunarkerfis Benjamin Blooms en þar flokkar hann námsmarkmið í þrjú svið. Eitt þeirra er þekkingarsvið en það reynir á hugsun og rökaleikni (Ingvar Sigurgeirsson, bls. 19). Í þeim verkefnum þar sem nemendur ígrunda um heimabyggðina, skoða kosti hennar og galla er verið að vinna með bæði röklega greind og svið úr flokkunarkerfi Blooms. Einnig birtast þær í verkefnum þar sem nemendur skoða gamlar myndir frá Hólmavík, bera þær saman við nútímann og skoða hvað hefur breyst.

Í verkefnasafninu er einnig að finna skapandi verkefni sem vinna með aðra greind þrenndarkenningar Sternbergs, en hún byggir á hæfileikanum að skapa, uppgötva, ímynda sér

og setja fram nýjar hugmyndir (Ingvar Sigurgeirsson, bls. 28). Þá greind efla nemendur við að skrifa blaðgreinar um sögulega atburði sem átt hafa sér stað í Strandabyggð og við að útbúa kynningar og fræðsluplög tengd viðfangsefnum ólíkra verkefna.

Önnur greind þrenndarkenningarinnar byggir á hæfileikanum að skapa, uppgötva, ímynda sér og setja fram nýjar hugmyndir (Ingvar Sigurgeirsson, bls. 28). Þá greind efla nemendur í skapandi verkefnum á borð við dagblaðskrif um söguleg atburði sem hafa átt sér stað í Strandabyggð sem og í verkefni þar sem nemendur skoða gamlar fréttir og útbúa fræðsluplagg með þeim. Þar að auki í ígrundunarverkefnum verkefnasafnsins og kynningum á húsum Hólmavíkur.

Þriðja greind þrenndarkenningar Sternbergs reynir síðan á hagnýta hæfileika einstaklinga, það er að þjálfra með því að nota, framkvæma, beita, nýta, sýna, og prófa (Ingvar Sigurgeirsson, bls. 28). Þessa greind efla nemendur með því að vinna með raunveruleg viðfangsefni tengd umhverfi sínu og aðstæðum. Verkefnasafnið ber að geyma verkefni þar sem unnið er með eiginleikann að horfa í kringum sig, lesa texta, skoða kort og myndir og er það nýtt til að kynnast örnefnum og staðhátum í Strandabyggð. Með þeim verkefnum er leitast við að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu og að þeir geti bæði beitt og nýtt sér þá þekkingu til langs tíma litið.

Greindir Sternbergs gegna lykilhlutverki í grunnskólum við að virkja nemendur og kveikja áhuga þeirra á náminu/á lærdómi. Það er hægt að gera með fjölbreyttum verkefnum sem snúa að grenndarsamfélagi nemenda. Með því að vinna þess konar verkefni er leitast við að efla grenndarvitund og tengja nemendur enn betur við nærumhverfi sinn. Raunveruleg viðfangsefni þar sem unnið er út frá eigin umhverfi rækta sköpunargáfu, jákvæð viðhorf, efla sjálfstæð vinnubrögð, efla samvinnu og tengja viðfangsefni, reynslu og umhverfi nemenda (Ingvar Sigurgeirsson, bls. 28). Verkefni sem falla undir þetta ýta einnig undir líkamlega færni þar sem verkefni sem þessi eru oft unnin utandyra sem býður upp á meiri hreyfingu en verkefni unnin innandyra.

Flokkunarsvið Benjamin Bloom eru auk þekkingarsviðs, viðhorfa- og tilfinningasvið þar sem nemendur þroska tilfinningar og auka áhuga og jákvæð viðhorf, og leiknisvið sem eflir líkamlega færni (Ingvar Sigurgeirsson, bls. 19). Hverju megin sviði er svo skipt niður í ítarlegri þrep. Flokkunarkerfið hefur þann tilgang að auðvelda kennurum og kennaraefnum að vinna

með alla eiginleika nemenda með því að reyna á ólíka hæfni þeirra. Til viðbótar við þekkingarsvið sem nefnt var hér að ofan birtast hin tvö sviðin að auki í verkefnum verkefnasafnsins. Nemendur vinna ýmis verkefni sem hafa það markmið að auka áhuga þeirra á nærsamfélaginu sem og að efla jákvætt viðhorf þeirra til heimabyggðarinnar. Það reynir einnig á þá færni í verkefnum þar sem nemendur vinna í hópum. Hugmyndin á bak við hópavinnu verkefnanna er að dýpkað skilning nemenda með samræðum við samnemendur um efnið sem verður til þess að auka áhuga og jákvætt viðhorf. Leiknisviðið er þjálfað í hinum ýmsu verkefnum sem reyna á samspil huga og líkamlegrar hreyfingar, svo sem í verkefnum sem fela í sér göngutúra um bæinn eða náttúruna þar í kring. Þessi svið leggja ekki aðeins áherslu á þekkingu heldur einnig líkamlega færni nemenda (Ingvar Sigurgreisson, bls. 20). Það er færni sem mikilvægt er að efla en á það til að gleymast.

John Dewey aðhylltist samfélagshverfa menntun en það felur í sér að skólinn er lifandi samfélag í smækkaðri mynd þar sem nemendur eru virkir þátttakendur. Í greininni „Sannfæring mín um menntun“ talar Dewey um að menntun sé félagslegt ferli þar sem megin undirstaðan eru hæfileikar barnsins. Þá þarf að örva með kröfum samfélagslegra aðstæðna hverju sinni (Dewey, 2000). Í verkefnasafninu er leitast við að ýta undir að nemendur vinni með hæfileika sína á margvíslegan hátt með því að bjóða upp á fjölbreytt verkefni sem unnið eru bæði innan- og utandyra. Með því að bjóða upp á slíka fjölbreytni er reynt að ýta undir áhuga nemenda og að þroska hæfileika til að efla einfaldleika og árangur verkefna.

Dewey ræðir einnig um mikilvægi menntunar í nánum og persónulegum tengslum við náttúru. Það að lifa í návistum við umhverfið og það sem það hefur upp á að bjóða er mun þýðingarmeira en að læra um það innan veggja skólans. Hann var talsmaður verkgreina, þar sem verkefni eru raunveruleg og sjáanleg. Að notast við raunveruleg viðfangsefni, beita þeim og þekkja hlutverk þeirra í samfélaginu (Dewey, 2000). Verkefni á borð við þau sem krefjast notkun korta til að þekkja umhverfi sitt efla þekkingu nemenda á raunverulegum viðfangsefnum sem og hin ýmsu verkefni sem fjalla um hús á Hólmavík.



## 6 Lokaorð

Hér í þessari greinargerð hafa verið kynntar þær hugmyndir sem verkefnasafnið vinnur út frá. Farið var í fræðilegan bakgrunn verkefnasafnsins sem og fjallað um nærumhverfið og þær áherslur sem lagt er upp með í skólastefnu sveitafélagsins. Verkefni á borð við þau sem finna má í verkefnasafninu henta vel í skólastarfi þegar taka á fyrir viðfangsefni tengd heimabyggðinni. Það að notast við nærumhverfið er góð leið til að kenna nemendum ýmislegt í stað þess að þeir læri einungis í gegnum uppgerð vandamál. Mikilvægt að nemendur læri um heimabyggðina og umhverfið sem er í kringum þau dags daglega. Það er tilhneiging til að það gleymist og að meiri áhersla sé lögð á það sem finna má í öðrum landshlutum eða jafnvel erlendis. Það að færa kennslurýmið út í náttúruna og vinna þar verkefni eða yfirfæra það sem gerst hefur í heimabyggðinni inn í skólastofuna gerir kennsluna fjölbreytta (og jafnvel skemmtilega). Strandabyggð hefur upp á mikið að bjóða og marga fallega og áhugaverða staði sem nota má til náms. Vel er hægt að gera sambærileg verkefni með öðrum áherslum til að dýpka enn betur þekkingu nemenda á heimabyggðinni. Jafnvel mætti stækka verkefnið og bæta við það verkefnum sem teygja sig yfir Strandir eða jafn vel yfir alla Vestfirði. Möguleikarnir eru endalausir en þetta verkefnasafn gæti verið góð byrjun og mun vonandi nýtast kennurum við Grunnskólann á Hólmanvík.

Grenndarkennsla eflir væntumþykkju íbúa á heimabyggðinni. Því er mikilvægt að byrja þá kennslu í leikskóla og halda henni áfram í grunnskóla. Verkefnasafn þetta er vonandi kveikja að áframhaldandi verkefnasöfnum sem snúa að Strandabyggð.

## Heimildaskrá

- Björk Ólafsdóttir. (2010). Skólastefna sveitafélaga: handbók. Sótt af <https://www.samband.is/media/stefnumotun-i-skolamalum/Skolastefna-stora.pdf>
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (frumútgáfa 1938).
- Hagstofan. (e.d.). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2019 - Sveitarfélagaskipan hvers árs. Sótt af [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_mannfjoldi\\_2\\_byggdir\\_sveitarfe log/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=ca737323-fb4e-4f5e-b980-868be3851576](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfe log/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=ca737323-fb4e-4f5e-b980-868be3851576)
- Ingvar Sigurgeirsson. (2011). *Að mörgu er að hyggja*. Reykjavík: IÐNÚ.
- Ólafur Páll Jónsson. (2010). Dewey, lýðræði, menntun og skólar. Í Jóhann Einarsson og Ólafur Páll Jónsson (ritstj.), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 13 - 41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Samband Íslenskra sveitafélaga. (e.d.). Strandabyggð. Sótt af <https://www.samband.is/sveitarfelogin/vestfirDIR/strandabyggd/>
- Strandabyggð. (október, 2019). Námsvísar, áætlanir og mat. Sótt af [http://www.strandabyggd.is/nam\\_og\\_kennsla/namsvisar\\_og\\_kennsluaetlanir/](http://www.strandabyggd.is/nam_og_kennsla/namsvisar_og_kennsluaetlanir/)
- Strandabyggð. (e.d.). Strandabyggð. Sótt af [http://www.strandabyggd.is/atvinnulif\\_og\\_saga/Strandabyggd/](http://www.strandabyggd.is/atvinnulif_og_saga/Strandabyggd/)
- Strandabyggð. (ágúst, 2019). Skólinn í tölum. Sótt af [http://www.strandabyggd.is/skolinn\\_okkar/um\\_skolann/](http://www.strandabyggd.is/skolinn_okkar/um_skolann/)